

Fundargerð

149. stjórnarfundur 27. mars 2024 kl. 08.30 á Teams

Fundarmenn: Guðmundur Kristján Óskarsson, Hrannar Már Hafberg, Ingibjörg Sigurðardóttir, Helgi Freyr Hafþórsson, Auðbjörg Björnsdóttir, Stefán Guðnason og Hjördís Sigursteinsdóttir

1. Samþykkt fundargerða

Ákveðið að fresta samþykkt fundargerðar.

2. Kjaramál

Formaður upplýsti fundargesti um stöðu mála í kjaraviðræðum. Unnið að því að setja saman þær kröfur sem félagið mun setja fram. Ríkið setti fram minnisblað um að festa skyldi að vinnuvikan verði 36 klst. Mun það hafa áhrif á kennslueiningalíkanið? Það er spurningin sem þarf að vinna með í framhaldinu. Rætt um stofnanasamninga og áhrif kjarabaráttunnar á þá. Engar stórar fréttir komnar fram að svo stöddu þó að samningar séu að losna í lok páska.

Almennar umræður í kjölfarið.

3. Fundarþóknanir FHA

Formaður upplýsti fundargesti um árlega hækkun í samræmi við hækkanir hjá BHM og FH. Unnið út frá launavísitölu. Breytingin samþykkt.

4. Norrænn fundur háskólafélaga

Formaður upplýsti nefndarfólk að FHA hafnaði boði á norrænan fund háskólafélaga fyrir nokkrum árum þar sem kostnaður við hann var gríðarlega mikill. Fyrir vikið hafði gleymst að boða FHA á fundi í kjölfarið. Formaður FHA fékk boð um og samþykkti að taka þátt í fundinum í Hveragerði 2023.

Fundur boðaður 10.-12. júní í Bergen og samþykkt að alla vega formaður FHA fari á fundinn. Ákvörðun um hvort að fleiri nefndarmenn fari tekin síðar.

5. Önnur mál

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði 18. apríl.



Vakin athygli á að uppfæra þurfi heimasíðu félagsins. Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið
klukkan 10:00.

Stefán Guðnason ritaði fundargerð